

Nd.

468. Frumvarp til laga

[128. mál]

um búfjárhald í Reykjavíkurborg og þremur kaupstöðum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 16. apríl.)

1. gr.

Borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórnnum Akureyrar, Hafnarfjarðar og Kópavogs er heimilt með samþykki ráðherra að setja reglugerð um búfjárhald á þessum stöðum.

Með búfjárhaldi er átt við nautgripa-, hrossa-, svína- og sauðfjárhald svo og alifuglarækt.

Þó er reiðhestahald undanþegið ákvæðum laga þessara, ef það er á vegum hestamannafélaga og þau hafa sett um það reglur, sem hlutaðeigandi bæjarráð (borgarráð) staðfestir.

2. gr.

Í reglugerð má ákveða, að tiltekið búfjárhald sé algerlega bannað í kaupstaðnum (borginni), takmarkað að því er snertir fjölda hvernar tegundar eða bundið við tiltekin svæði innan bæjarlandsins (borgarlandsins). Algert hann við tilteknu búfjárhaldi skal tilkynnt búfjäreigendum með a. m. k. eins árs fyrirvara, miðað við 1. október.

3. gr.

Ákveða má í reglugerð, að hver sá, sem búfjárhald vill stunda innan kaupstaðarins (borgarinnar), skuli sækja um leyfi til slíks og sé búfjárhald óheimilt án slíks leyfis. Skytt skal umsækjanda að gera grein fyrir því, hvernig geymslu búfjárins skuli hagað, og láta í té aðrar þær upplýsingar, sem bæjarráð (borgarráð) telur nauðsynlegar. Leyfi skal bundið við tiltekinn hámarksfjölda. Einnig má binda það við ákveðinn tíma eða ákveða, að það sé afturkallanlegt með tilteknum fyrirvara.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án leyfis, skal heimilt að taka það búfé og selja á uppboði eða slátra því.

Ef leyfishafi fylgir ekki settum reglum, er bæjarráði (borgarráði) heimilt að svipta hann leyfi til búfjárhalds og fara svo með búfé hans sem um ræðir í 1. mgr.

5. gr.

Nú verður aðili fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjárhaldi, þannig að bóttum varði, og skal þá greiða bætur úr bæjarsjóði (borgarsjóði).

6. gr.

Í reglugerð má ákveða gjald fyrir leyfi til búfjárhalds, allt að kr. 1000.00 á ári, og rennur það í bæjarsjóð (borgarsjóð).

7. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum skv. þeim, varða sektum, allt að kr. 5000.00. Um meðferð mála út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.